um heiðurslaun listamanna.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Ragnar Arnalds, Eysteinn Jónsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Jón Árm. Héðinsson, Ingvar Gíslason, Svava Jakobsdóttir, Auður Auðuns, Gunnar Gíslason, Ásgeir Bjarnason, Benedikt Gröndal, Steingrímur Hermannsson, Ellert B. Schram, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar, að heiðurslaun listamanna samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1974, 3 millj. kr., skiptist þannig:

1.	Ásmundur Sveinsson	250 000 kr.
2.	Brynjólfur Jóhannesson	250 000 —
3.	Finnur Jónsson	250 000 —
4.	Guðmundur Böðvarsson	250 000 —
5.	Guðmundur G. Hagalín	250 000 —
6.	Gunnar Gunnarsson	250 000 —
7.	Halldór Laxness	250 000 —
8.	Kristmann Guðmundsson	250 000 —
9.	Páll Ísólfsson	250 000 —
10.	Ríkarður Jónsson	250 000 —
11.	Tómas Guðmundsson	250 000 —
12.	Þórbergur Þórðarson	250 000 —
	Samtals	3 000 000 kr.

Greinargerð.

Í fjárlögum fyrir árið 1974 er ákveðið að veita 3 millj. kr. til heiðurslauna listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis. Á síðasta ári var heiðurslaunum að ákvörðun Alþingis skipt milli 12 listamanna, 175 þús. kr. til hvers. Lagt er til, að hinir sömu 12 listamenn hljóti heiðurslaun á árinu 1974.